

Nr. 18.
13.
sept.

Lög

um

manntal í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lögreglustjórnin í Reykjavík skal síðari hluta októbermánaðar ár hvert, eptir ítarlegum reglum, er landshöfðingi setur, gjöra nákvæma skrá yfir alla íbúa kaupstaðarins. Á skrá þessa skal setja alla, er eiga fast aðsetur í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins eða hafa þar dvöl; þó skal eigi telja gesti og ferðamenn. Skal tilgreina fullt nafn hvers manns, fæðingardag, ef þess er kostur, fæðingarár, fæðingarstað, stjett eða atvinnu, hvenær hann hafi flutzt til kaupstaðarins, og lögheimili hans, sje það annarsstaðar.

Sje einhver eigi viðstaddur þann dag, sem talið er, heldur fjarverandi í ferðalögum eða á annan hátt, skal hann engu að síður tekinn í manntalið.

Manntal þetta skal skráð í manntalsbók, er gjörð sje eptir fyrirmynd, sem landshöfðingi ákveður; þar skal og rita þær breytingar, sem á verða frá einu manntali til annars jafnskjótt og lögreglustjóri fær vitneskju um það.

2. gr.

Að viðlagðri allt að 40 kr. sekt, er rennur í bæjarsjóð, er hver húseigandi eða húsráðandi skyldur að gefa sjálfur fullnægjandi skýrslu um alla húsbúa sína, til afnota við manntal það, er þessi lög skipa fyrir um, eða láta annan hæfan mann, sem hann nefnir fyrir lögreglustjóra og hefur aðsetur í kaupstaðnum, gefa skýrsluna fyrir sína hönd.

Að viðlagðri sömu hegningu er hann skyldur að tilkynna lögreglustjóra innan tveggja sólarhringa, er einhver maður, er setja ber á manntalsskrá samkvæmt 1. gr., flytur í hús hans eða úr því.

Nr. 18. Lög 13. september um manntal í Reykjavík.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Mandtal i Reykjavik.

Nr. 18.
13de
Septbr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Bort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Politiet i Reykjavik har aarlig i den sidste Halvdel af Oktober Maaned efter nærmere af Landskhøvdingen fastsatte Regler at affatte en nøjagtig Fortegnelse over samtlige Indvaanere i Købstaden. Paa Fortegnelsen opføres med fulde Navn, om muligt Fødselsdag, Fødselsaar, Fødested, Stilling eller Erhverv og med Opgivelse af det Tidspunkt, da Tilflytning til Købstaden er sket, samt Hjemsted, hvis det er et andet, alle, som have fast Bopæl i Købstadens Jurisdiktion, eller som have taget Ophold sammesteds, dog at Gæster eller tilreisende ikke medtages.

Hvis nogen ikke er tilstede den Dag, da Listen optages, men paa Rejse eller paa anden Maade fraværende, opføres han ikke desto mindre paa Listen.

I Mandtalsprotokollen, der indeholder den fuldstændige Fortegnelse, og som affattes efter et af Landskhøvdingen fastsat Skema, indføres tillige alle Forandringer, som finde Sted fra det ene Mandtal til det andet, saasnart de komme til Politimesterens Kundskab.

§ 2.

Til Brug ved Optagelsen af det i denne Lov omhandlede Mandtal er enhver Eier eller Bestyrer af et Hus under Straf af Bøder indtil 40 Kr., der tilfalde Kommunens Kasse, pligtig personlig eller ved en af ham til Politimesteren opgivet, dertil skiftet, i Købstaden bosat Person at meddele de for nødne Oplysninger om samtlige Husets Beboere.

Under samme Straf er han pligtig inden to Gange 24 Timer for Politimesteren at anmeldte enhver Til- og Fraflytning af Personer, der efter § 1 skulle medtages paa Mandtalslisten.

Nr. 18. Lov af 13de September om Mandtal i Reykjavik.

Nr. 18.

13.
sept.

3. gr.

Úr bæjarsjóði skal greiða kostnaðinn við manntalið og manntalsskrána, þar með taldar bækur, eyðublöð o. fl., svo og laun til aðstoðarmanna, sem með þurfa auk lögregluþjónanna.

Eptirrit eptir manntalsbókinni skal láta þeim í tje, er æskja þess, fyrir 50 aura gjald fyrir örk hverja, og hálfu minna fyrir hálfu örk og minni hluta úr örk.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem með almenn lög-reglumál.

5. gr.

Öllum störfum við manntal og samning manntalsskrár er hjeðan í frá að því er kaupstaðinn snertir ljett af dómkirkjuprestinum, en hins vegar er hann eins og hingað til einnig fyrir þann hluta prestakallsins skyldur að halda svofellt sál-na-registur, að hann eptir því geti samið hina venjulegu fólkstalsskýrslu, er prestum ber að senda prófasti.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 13. september 1901.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

§ 3.

Nr. 18.
13de
Septbr.

Udgifterne ved Optagelsen og Jørelsen af Mandtalsfortegnelsen, herunder Protokoller, Blanketter m. m., saa vel som Lønning af den foruden Politibetjentene fornødne Medhjælp, indredes af Kommunens Kasse.

Udskrifter af Mandtalsprotokollen meddeles paa Begæring enhver for en Betaling af 50 Øre pr. Ark og Halvdelen for et halvt Ark eller mindre Dele af et Ark.

§ 4.

Sager i Anledning af Overtrædelse af nærværende Lov behandles som offentlige Politisager.

§ 5.

Medens Domkirkepræsten herefter for Købstadens Vedkommende er fritaget for enhver Virksomhed i Henseende til Mandtalsfortegnelsens Optagelse og Jørelse, er han derimod vedblivende pligtig ogsaa for denne Del af hans Embedsomraade at føre et saadant Sjæleregister, at han paa Grundlag heraf til Provsten kan afgive den sædvanlige, Præsterne paahvilende Folketalsberetning.

Svorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 13de September 1901.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

Ministeriet for Island, den 13de September 1901.

Alberti.

Olafur Halldórsson.